

55. fundur

Hafnarstjórn Stykkishólms hélt fund miðvikudaginn 9. janúar 2008 kl. 18.00 í Ráðhúsinu. Mætt voru Símon Már Sturluson, formaður, Hrannar Pétursson, hafnarvörður, Kristinn Ó. Jónsson, Sigrún E. Svavarsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Erla Friðriksdóttir, hafnarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

1. Bréf Siglingastofnunar Íslands, dags. 01.12.2007 varðandi úttekt á slysavörnum í höfnum. Framlagt. Unnið er að úrbótum á þeim atriðum sem fram koma í úttektinni.
2. Bréf frá Fiskmarkaði Íslands vegna vigtargjalds, dags. 13.12.2007. Framlagt.
3. Stýrihópur um framtíðarsýn hafnarinnar. Formaður gerði grein fyrir vinnu stýrihópsins.
4. Ýsuheiði ehf. óskar eftir viðbótarlóð og að byggja viðbyggingu austan við Nesveg 16, dags. 03.10.2007. Vísað til umsagnar af bæjarráði þann 04.10.2007. Lagt til að umsókninni verði vísað til deiliskipulagsvinnu sem bæjarstjórn hefur samþykkt að farið verði í.
5. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2008. Framlögð.
6. Önnur mál.
 - 6.1. Samningar um leigu á viðleguplássi fyrir smábáta.
Lagt til að leigusamningar vegna viðlegupláss fyrir smábáta verði endurskoðaðir og að heimilt verði að gjalddagar verði tvisvar á ári, en eru nú árlega.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19.00.

Erla Friðriksdóttir (sign),
Sigrún E. Svavarsdóttir (sign),
Björgvin Guðmundsson (sign),
Kristinn Ó. Jónsson (sign),
Hrannar Pétursson (sign.),
Símon Sturluson (sign.).